

Númer: 22/2019

Dreifibréf til greiðsluþjónustuveitenda

Reykjavík, 29. apríl 2019

Tilvísun: 2019040064

Efni: Sameiginlegar viðmiðunarreglur ESAs varðandi ráðstafanir sem greiðsluþjónustuveitendur ættu að grípa til vegna upplýsinga sem vantar eða ófullkominna upplýsinga.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnunum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. ESAs reglugerðanna er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnananna. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum en tilgangur þeirra er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES.

Ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, tóku gildi 1. janúar sl. Lögin fela m.a. í sér innleiðingu á fjórðu peningabættistilskipun Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) 2015/847. Reglugerðin er innleidd með setningu reglugerðar nr. 70/2019 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, á grundvelli 56. gr. laga nr. 140/2018.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa gefið út sameiginlegar viðmiðunarreglur (e. joint guidelines) varðandi ráðstafanir sem greiðsluþjónustuveitendur ættu að grípa til vegna upplýsinga sem vantar eða ófullkominna upplýsinga.¹ Sameiginlegu viðmiðunarreglurnar frá ESAs fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/847.

Fjármálaeftirlitið beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni.

¹ Sameiginlegar viðmiðunarreglur skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/847 varðandi ráðstafanir sem greiðsluþjónustuveitendur ættu að grípa til svo greina megi upplýsingar sem vantar eða ófullkomnar upplýsingar greiðanda eða viðtakanda greiðslu og verklag sem þeir ættu að hafa til staðar vegna millifærslu fjármuna þar sem tilskildar upplýsingar skortir (Joint Guidelines under Article 25 of Regulation (EU) 2015/847 on the measures payment service providers should take to detect missing or incomplete information on the payer or the payee, and the procedures they should put in place to manage a transfer of funds lacking the required information. *Fund Transfer Guidelines*.) Sjá https://esas-joint-committee.europa.eu/Publications/Guidelines/Joint%20Guidelines%20to%20prevent%20TF%20and%20OML%20in%20electronic%20fund%20transfers_EN_16-01-2018.pdf og <https://eba.europa.eu/regulation-and-policy/anti-money-laundering-and-e-money/guidelines-to-prevent-transfers-of-funds-can-be-abused-for-ml-and-tf>.


Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þar sem viðmiðunarreglurnar ná til greiðsluþjónustuveitenda og greiðsluþjónustumiðlara (e. intermediary payment service providers) fer Fjármálaeftirlitið fram á að greiðsluþjónustuveitendur framsendi dreifibréf þetta til aðila sem þeir eiga í viðskiptum við og uppfylla kröfur um að teljast til greiðsluþjónustumiðlara.

Fjármálaeftirlitið mun kynna viðmiðunarreglur ESAs varðandi ráðstafanir sem greiðsluþjónustuveitendur ættu að grípa til vegna upplýsinga sem vantar eða ófullkominna upplýsinga. Slík kynning verður haldin þann 28. maí nk. kl. 9.00 og fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð. Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme@fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur ESAs varðandi ráðstafanir greiðsluþjónustuveitenda vegna ófullkominnar upplýsingagjafar“.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Hjálmar S. Brynjólfsson